

„Þetta fyrirtæki hefur tvímælalaust orðið til þess að raforkunotendur á Íslandi hafa orðið að greiða hærra verð fyrir raforkuna en ella.“



væðingin miðuð við útlutning jafnt sem heimamarkað. Þingið lýsir sig andvigt þeirri stefnu, að hleypra erlendum auðhringum inn í atvinnulíf Íslendinga. Samstarf við hælenda aðila um orkufrekan iðnað komi aðeins til greina í einstökum tilfellum, enda sé þess ætíð gætt, að meiri hluti eignar- aðildar sé í höndum Íslendinga. Starfsemi slíkra félaga skal háð íslenskum lögum og dómsvaldi, enda njóti þau ekki betri löggjara en sambærileg íslensk fyrirtæki. Þingið varar við rekstri þeirrar stóriðju, sem kann að vera hættuleg heilsu og umhverfi manna og

valda óeðlilegri félagslegri og lífræðilegri röskun. Telur þingið, að mengunarvaldandi stóriðja samrýmist ekki íslenskum aðstæðum og sé andstæð óskum fólks í landinu. Leggja ber áherslu á að að leitað verði eftir hentugum iðnaði fyrir landbúnaðarbyggðir og önnur fámenn byggðarlög í því skyni m.a. að koma í veg fyrir byggðaröskun.“  
Lýk ég hér lestri úr flokksþingsályktun Framsfl. Eg vísa til þess sem Guðmundur G. Þórarinnsson sagði hér í ágætri ræðu um iðnaðarmál og iðnaðaruppbyggingu á Íslandi, þar sem hann

talaði um hin raunhæfu yfirráð, þ.e. að hafa hönd í bagga með sölu afurða og þeim viðskiptum, sem sköpuðust í kringum framleiðsluna.

### Óholl og hættuleg störf

Eg er raunar alveg hissa á því, að Birgir Isl. Gunnarsson skyldi haga orðum sínum á þann veg sem hann gerði, a.m.k. stundum í ræðu sinni. T.d. hefði hann alveg getað komist hjá því að fara að mæla þeirri mengun, sem af álverinu hefði stafað, bót. Hann gat alveg komist hjá því, a.m.k. þangað til einhver hefði nefnt hana. Hann ræddi um launakjör í álverinu og það er alveg satt hjá þingmanninum, að allar hrakspár, sem framsóknarmenn höfðu uppi og þeir sem lögdust gegn álverssamningnum á sínum tíma hafa sem betur fer ekki ræst. En það hefur nóg af þeim ræst fyrir því. Hann ræddi um launakjör starfsmanna í þessu fyrirtæki og það er alveg satt hjá honum, þarna eru greidd há laun en þarna er um óholla og hættulega vinnu að ræða og a.m.k. langar mig ekki til að vinna verkamannavinnu á þessum vinnustað. Fyrir óþrifalega og hættulega vinnu verður auðvitað að borga talsvert hátt kaup til þess að halda góðum mannskap og þetta hefur orðið m.a. til þess að sprengja upp laun í ríkisverksmiðjunum, því að ríkisverksmiðjumenn hafa viljað hafa sama kaup og menn hafa átt kost á í álverinu. Þess vegna er áburðurinn dýrari heldur en ella hefði getað orðið og þarna er einn þátturinn í bullandi taprekstri sem-entsverksmiðjunnar.



■ Í álverinu „er um óholla og hættulega vinnu að ræða“.


ur síðan námi lauk, helgað sig myndlistarstörfum, alfarið.

### Að sitja við sinn keip.

Hafsteinn Austmann hefur ekki verið mjög áberandi myndlistarmaður, þótt nafn hans sé þekkt víða, og hann sýnir fremur sjaldan. Er mér sagt að þetta sé tíunda einkasýning hans hér á landi, sú seinasta var í nýreistri vinnustofu málarsins suður í Skerjafirði rétt við flugbrautina, sem var einkar skemmtileg og óvenjuleg sýning. Vinnustofusýningar eru sjaldgæfar hér á landi, enda aðstaða víða örðug til þess, eftir að sá síður aflagðist að mestu, að málara, eða myndlistarmenn reistu sér sérbyggð hús:

Hafsteinn Austmann er abstraktmálari, og fer ekki ofan af því. Hann hefur ekki tekið ný mið af samtíðinni, sem virðist þróast allverulega til hlutstæðra mynda, eða figuratíva, og því hömlulausa frelsi er listin í landinu, eða í heiminum, býr við núna. Hann kys að sitja við sinn keip, og hygg ég að það sé býsna farsæl stefna. Hann hefur byggt sér persónulegan myndheim, sem hann ræktar, og kúvendingar henta ekki.

Þetta kann að þykja nokkur eigingirni, en í blaðaviðtali er þetta haft eftir málaranum sjálfum: „...Eg hefi málað svona myndir alla mína tíð og geri ekki ráð fyrir að það breytist nokkuð héðan af, nema þá helst bara smátt og smátt“.



Svo mörg voru þau orð, og satt best að segja, þá eru hreinar abstraktsýningar að verða of fáar, hefðu nú fáir spád því fyrir fjórum árum eða fimm.

### 90 myndir smáar og stórar.

A sýningu Hafsteins í vestursal Kjarvalsstaða eru um 90 verk af ýmsum stærðum og gerðum. Þau eru máluð á löngum tíma og ef ráða má af nöfnum á slíkum myndun inntak þeirra, þá koma

fyrir myndanöfn eins og hrap, drama, vetur, sólstafir, ljósbrot, sprenging.


Þetta er mikil sýning og áhrifamikil, sem hann nú er með að Kjarvalsstöðum. Og ég hygg að hún lýsi honum sem málara nokkuð vel. Hann malar með oliulitum, blandar tækni og svo eru um 50 vatnslitamyndir á sýningunni, flestar litlar.

Hafsteinn Austmann er hagleiksmaður í málverki og allri kúnt. Tækni hans er ef til vill með því besta, er gerist hjá málurum. Þetta gjörir myndirnar þó ekki flóknar, þótt blæbrigði séu mörg og mikil. Hafsteinn stjórnað sínum formum og ljósfalli, með föstum takti.

Sér í lagi þóttu mér hinar stóru myndir vel gjörðar, og eins vatnslitamyndirnar, en fáir leika þá litameðferð eftir, sem ég þekki.

Í raun og veru er þessi sýning listviðburður og ættu allir listunnendur sein við fá komið að leggja þangað leið sína, en sýning unni lýkur 7. júní.

Jónas Guðmundsson rit höfundur skrifar um myndlist.



## borgarmál



# Bónus hjá borginni

■ Merkilegum áfanga hefur verið náð hjá Reykjavíkurborg, þar sem náðst hefur samkomulag um að taka upp bónus- eða kaupaukakerfi í nær allri bæjarvinnu. Samkomulagið er á milli borgarinnar og átta stéttarféлага, þ.m.t. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og nær til mjög ólíkra verk- og vinnuþátta. Má segja að hér sé um brautryðjenda starf að ræða sem unnið hefur verið hjá borginni.

Þessi samningur er byggður á grundvelli tímamælinga og vinnurannsóknna sem Rekstrarstofan hefur unnið. „Það er stigsmunur á þessu kerfi og hinum frægu sluppakkerðum iðnaðarmanna, sem blésu ekki úr nös þegar málningarúllan var fundin upp“, sagði Magnús Óskarsson, vinnuálastjóri borgarinnar, í samtali við Timann. „Hugsunin á bak við þetta er sú að þarna skapist hagnaður eða ávinningur sem samningsaðilar skipti með sanngirni á milli sín“, sagði Magnús.

Samningurinn er aðeins gerður til eins árs til að byrja með, þar sem allir aðilar vilja hafa vaðið fyrir neðan sig, áður en farið er að semja til lengri tíma. Undanfarið hefur þetta verið rekið sem tilraunabónus án formlegra samninga, þannig að segja má að veruleg reynsla sé fengin á þetta fyrirkomulag nú.

Í öllum greinum sem þetta hefur verið tekið upp hefur átt sér stað umtalsverð afkastaukning, eða á bilinu 15-40%. Það er því ljóst að hagur og hagnaður borgarinnar og viðsemjenda hennar skiptir milljónum ef ekki tugum milljóna nýkróna. Samningurinn gildir hjá vinnuflokkum gatnamálastjóra í nýbyggingu og viðhaldi gatna, vinnuflokkum hitaveitu, vatnsveitu, við malbikun, við umferðarmerkingu, verkstæði Vélamiðstöðvar, verkstæði SVR, trésmiðastofu borgarinnar, pipugerð, malbikunarstöð, bifreiðastjóra á vörubifreiðum og starfsmenn á holræsa-hreinsibifreiðum.

„Að sjálfsögðu hefur mönn-

um fækkað við upptöku svona bónuskerfa, og klassiska dæmið er sorphreinsunin en þar hefur starfsmönnum kannski fjölgað um tíu við byggingu Breiðhóltsins, svona gróft sagt“, sagði Magnús Óskarsson, vinnuálastjóri borgarinnar.

„Hins vegar hefur borgin aldrei notað þá aðferð að segja upp mönnum, heldur notfært sér þegar menn hætta störfum að ráða ekki að nýju.“

Aðalhagnaður borgarinnar með upptöku þessa kaupaukakerfis er sjálfsagt sá, að þegar til lengri tíma er litið þá fækkar starfsmönnum á sama tíma og afköst aukast, og yfirvinna minnkar að sama skapi. Þá er ekki verra að búast má við að svokallaður „bæjarvinnustimpill“, sem bæði er verðskuldaður og óverðskuldaður, hverfi af mest allri vinnu.

Mönnum er sjálfsagt í fersku minni þau vinnubrögð sem tíðkuðust hjá vinnuflokkum rafmagns- hita- og vatnsveitu, þegar skurðir voru látnir standa opnir heilu og hálfu árin, þar sem hver beið eftir öðrum að framkvæma eitthvað. „Nú er þetta punkta-kerfi, þannig að vinnuflokkurinn fær ekkert borgað fyrir en hann hefur lokað skurðinum. Þú getur rétt imyndað þér hvort þeir finni ekki einhver náð til að loka skurðinum“, sagði Magnús Óskarsson.

Miklir fjármunir fara í þær vinnurannsóknir sem liggja þurfa til grundvallar áður en bónus- eða kaupaukakerfi er tekið upp. Hefur sumum blöskrað fjöldi þeirra króna sem koma í hlut þeirra rekstrar- og hagræðingarannsóknirnar annast, „en það er ekki hægt að segja neitt við menn sem maður græðir alltaf á að hafa í vinnu“, sagði Magnús Óskarsson, vinnuálastjóri, í samtali við Timann.

Samkomulagið hefur nú verið kynnt í borgarráði og eins hinum einstöku verkafélögum. Má búast við að það hljóti fullnaðarsamþykki á þeim stöðum í þessari eða næstu viku.

## Kristinn Hallgrímsson, blaðamaður, skrifar

